

Fimmtudaginn 21. nóvember 1996.

Nr. 328/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Helga Þór Kristínarsyni

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu er áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 15. ágúst 1996. Endanleg krafa ákærvaldsins er um staðfestingu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Hagstofu Íslands 15. október 1996. Þar er staðfest, að ákærði, Helgi Þór Jenson, hafi fengið kenninafni sínu breytt í þjóðskrá 13. febrúar 1996. Hafi nafn hans eftir það verið ritað Helgi Þór Kristínarson.

Með héraðsdómi var ákærði á grundvelli eigin játningar sakfelldur í samræmi við ákæru að öðru leyti en því, að hvorki þótti sannað, að hann hefði stolið herslumæli, sem honum var gefið að sök í 1. lið í I. hluta ákæru, né svokölluðu mótordrifi, sem getur í 3. lið. Ákærvaldið hefur unað við þessa niðurstöðu héraðsdóms, og kemur sá þáttur málsins ekki til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn sakaferill ákærða. Með brotum þeim, sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, rauf hann skilorð dóms 29. febrúar 1996, sem var fangelsi í þrjá mánuði skilorðsbundið í tvö ár. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður ákærða því gerð refsing í einu lagi vegna þessara brota og hún tiltekin samkvæmt 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Verður jafnframt litið til þess, að þau brot ákærða, sem getur í 1. og 2. lið I. hluta ákæru, varða jafnframt hegningarauka við dóm, er ákærði hlaut 17. júlí 1995. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Þór Kristínarson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Hjartarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 9. júlí 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 9. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Þjóðbraut 13, Akranesi, af Inga Tryggvasyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-34/1996: Ákærvaldið gegn Helga Þór Kristínarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. maí 1996, á hendur ákærðu, Helga Þór Kristínarsyni (áður Jensyni), kt. 240872-3319, Aðalstræti 14, Akureyri (áður Höfðabraut 6, Akranesi), X, Y og Z.

Við þingfestingu málsins ákvað dómari að skilja málið í sundur og dæma sérstaklega í máli ákærða, Helga Þórs, sbr. 24. gr. laga nr. 19/1991.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin á Akranesi, nema annars sé getið, árið 1995:

I.

Ákærða, Helga Þór Kristínarsyni, er gefið að sök að hafa:

1. Aðfaranótt föstudagsins 26. maí brotist inn í húsnæði Skóflunnar hf., Faxabraut 9, og stolið tveimur borvélum, tveimur skrufjárnnum, herslumæli, þremur talstöðvum, tveimur útvarpstækjum úr bifreiðum, símsendi og áfengisflösku.
2. Stolið sömu nótt útvarpstæki úr bifreiðinni KS-359 við Merkigerði 16.
3. Aðfaranótt föstudagsins 4. ágúst brotist inn í skrifstofur Vátryggingafélags Íslands hf. og húsnæði Ljósmyndastofu Akraness, Skólabraut 9, og stolið tékkhefti á skrifstofum vátryggingafélagsins og á ljósmyndastofunni ljósmyndavörum, samtals að verðmæti um 1.000.000 kr., svo sem þremur ljósmyndavélum af gerðinni Mamiya, einni ljósmyndavél af gerðinni Polaroid, fimm linsum, mótordrifi af gerðinni Mamiya, þrífæti og fimm snældum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu er af hálfu Sjóvár-Almennra trygginga krafist skaðabóta, 279.782 kr.“

Sækjandi málsins gerir einnig kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þó ekki saksóknarlauna til ríkissjóðs.

Verjandi ákærða gerir aðallega þá kröfu, að ákærða verði ekki dæmd refsing, en til vara, að ákærða verði dæmd vægasta refsing, sem lög frekast heimila, og þá skilorðsbundin. Þá krefst verjandi þess, að ákærði verði sýknaður af skaðabótakröfu Sjóvár-Almennra hf. og verjanda tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærði, Helgi Þór Kristínarson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa brotist inn í húsnæði Skóflunnar hf., Faxabraut 9, Akranesi, aðfaranótt föstudagsins 26. maí 1995 og stolið þar tveimur borvélum, tveimur skrúfjárnnum, þremur talstöðvum, tveimur útvarpstækjum úr bifreiðum, símsendi og áfengisflösku. Ákærði minntist þess ekki að hafa stolið þar herslumæli, eins og greinir í ákæru. Ákærði kvaðst hafa selt símsendinn fyrir um 10.000 krónur í Reykjavík, en farið með afganginn af þýfinu að Laufásvegi 10, Reykjavík, en þangað hafi lausungarlýður vanið komur sínar. Ákærði kvað allt þýfið hafa horfið þaðan utan eina talstöð, er ákærði kvaðst hafa fleygt í sjóinn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið útvarpstæki úr bifreiðinni KS 359 sömu nótt, þar sem bifreiðin hafi staðið ólæst við Merkigerði 16, Akranesi. Ákærði kvað útvarpið hafa horfið frá Laufásvegi 10.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa brotist inn að Skólabraut 9, Akranesi, aðfaranótt 4. ágúst 1995 og stolið þar tékkhefti á skrifstofu Vátryggingafélags Íslands og þremur ljósmyndavélum, fjórum eða fimm linsum, þrífæti og fimm snældum á Ljósmyndastofu Akraness. Ákærði kannaðist ekki við að hafa stolið þar mótordrifi, eins og greinir í ákæru. Ákærði kvaðst hafa selt meðákærða Y eina passamyndavél og þrífótinn fyrir 20.000 krónur, en farið með afganginn af þýfinu ásamt meðákærða X og sett það í geymslu að Brautarholti 22, Reykjavík. Ákærði kvað þýfið hafa horfið þaðan án sinnar vitundar og ekki vita, hvað hafi orðið um það.

Telst samkvæmt þessu sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákæruskjali. Þó telst ekki sannað gegn framburði ákærða, að hann hafi stolið herslumæli í húsnæði Skóflunnar hf. og mótordrifi á Ljósmyndastofu Akraness. Ekki hefur verið leitt í ljós með óyggjandi hætti, hvert var verðmæti hinna stolnu muna, en hins vegar þykir ljóst, að það var verulegt. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann tvívegis á árunum 1989 og 1990 undir víðurlög fyrir ölvunarakstur og nytjastuld. Þá gekkst hann undir

viðurlög 1995 fyrir brot gegn lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Á árunum 1990 til 1996 hefur ákærði hlotið sex refsíðoma fyrir umferðarlagabrot, nytjastuld, skjalafals og þjófnað. Þar er helst að nefna, að í september 1993 var ákærði dæmdur í 60 daga varðhald fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot, en í júní 1994 var ákærða veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum. Í júlí 1995 var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir skjalafals og reynslulausnin þá dæmd með. Ákærði var loks dæmdur 29. febrúar 1996 í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár fyrir þjófnað.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 244 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber nú að taka upp dóminn frá 29. febrúar 1996 og ákvarða refsingu, eins og ætla má, að hún hefði orðið, ef dæmt hefði verið fyrir öll brotin í einu máli, sbr. 78. gr. hegningarlaga. Ber að ákvarða ákærða refsingu með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þegar litið er til sakaferils ákærða, þá sérstaklega þess, að hann hefur áður verið dæmdur fyrir þjófnað, þykir með hliðsjón af atvikum öllum verða að ákveða ákærða óskilorðsbundna refsingu, fangelsi í níu mánuði. Þrátt fyrir það að ákærði hafi ef til vill unnið bug á áfengisvanda sínum, þykir það ekki geta haggað þessari niðurstöðu.

Í ákæruskjali er sett fram skaðabótakrafa, að fjárhæð 279.782 krónur, af hálfu Sjóvár-Almennra hf. Af rannsóknargögnum má ráða, að um sé að ræða tjónsbætur vegna innbrots ákærða í húsnæði Skóflunnar hf. og eigi samkvæmt því að vera 279.762 kr. Ekki verður ráðið af yfirliti um tilgreindar tjónsbætur með ótvíræðum hætti, að um sé að ræða skaðabótakröfu af hálfu tryggingafélagsins á hendur tjónsvaldi. Samkvæmt þessu verður bótakröfunni vísað frá dómi.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomasar Möller heraðsdomslögmans, auk virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Þór Kristínarson, sæti fangelsi í níu mánuði.

Skaðabótakröfu Sjóvár-Almennra hf. er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Williams Thomasar Möller heraðsdomslögmans, 30.000 krónur, auk virðisaukaskatts.